

Neyðarlínan ehf.

Ársreikningur
2017

Neyðarlínan ehf.
Skógarhlíð 14
101 Reykjavík

Kt. 511095-2559

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Hlutafélagið Neyðarlínan ehf var stofnað í október 1995. Tilgangur þess er rekstur neyðarvaktstöðvar vegna samræmda neyðarnúmersins 112, almenn svörun neyðarboða, vöktun öryggiskerfa og skyldur rekstur. Rekstur neyðarstöðvar er í samræmi við lög nr. 40/2008 um samræmda neyðarsvörun. Félagið ber einnig ábyrgð á rekstri vaktstöðvar siglinga í samræmi við lög nr. 41/2003 og Tetra neyðar- og öryggisfjarskiptáþjónustu fyrir löggæslu og aðra viðbragðsaðila, björgunarsveitir, orkufyrirtæki og fleiri.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af rekstri félagsins 2,6 millj. kr. á árinu 2017. Eigið fé nam 158 millj. kr. í árslok 2017 samkvæmt efnahagsreikningi að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 19,0 millj. kr.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2018, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Í upphafi og lok árs voru hluthafar fjórir talsins og greinast hlutir þeirra þannig

Ríkissjóður	14.000.000
Reykjavíkurborg	2.000.000
Landsvirkjun	1.500.000
Orkuveita Reykjavíkur	1.500.000
	<u>19.000.000</u>

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31.01 2018.

Stjórn og framkvæmdastjóri:

Þórunn Þórunn Þórunn
Halldór Ólafsson
Sveinn Magnússon
Stjórnir S. Þórunn
Þórunn Ólafsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Neyðarlínunnar ehf.

Áritun um endurskoðun ársreiknings

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Neyðarlínunnar ehf. fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfssemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvisandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað var fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og höfum miðlað til hennar upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 31/1 2018.

Endurskoðendapjónustan ehf.


Hinrik Gunnarsson
endurskoðandi


Sveinn R. Reynisson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrartekjur			
Rekstrartekjur		1.334.824.872	1.241.040.688
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	371.524.251	331.269.713
Rekstur tækni- og fjarskiptabúnaðar		657.602.056	674.956.907
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		42.764.009	45.422.500
Rekstur húsnæðis		140.653.765	83.768.666
Rekstur varðstofu		80.698.765	80.604.448
Rekstur bifreiða		34.463.825	23.073.903
Afskriftir	5	11.206.100	19.283.506
		<u>1.338.912.771</u>	<u>1.258.379.643</u>
Rekstrartap fyrir fjármagnsgjöld	(4.087.899)	(17.338.955)
Vaxtatekjur		3.583.544	1.695.918
Vaxtagjöld	(4.541.745)	(1.134.681)
Gengismunur	(789.151)	(78.139)
Áhrif hlutdeildarfélags	7	8.496.387	13.782.438
		<u>6.749.035</u>	<u>14.265.536</u>
Hagnaður (tap) ársins	9	2.661.136	(3.073.419)

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
Eignir			
Rekstarfjármunir	5	30.906.353	37.632.823
Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi	7	180.849.894	172.353.507
Fastafjármunir		<u>211.756.247</u>	<u>209.986.330</u>
Bingðir		60.945.855	43.081.535
Viðskiptakröfur		78.708.457	141.959.682
Aðrar skammtímaskröfur		807.512	486.364
Virðisaukaskattur, inneign		15.377.769	33.630.346
Handbært fé		1.443.027	38.961.093
Veltufjármunir		<u>157.282.620</u>	<u>258.119.020</u>
Eignir samtals		<u>369.038.867</u>	<u>468.105.350</u>
Eigið fé			
Hlutfé		19.000.000	19.000.000
Yfirverð hlutfjár		89.914.713	89.914.713
Hlutdeildarreikningur		22.279.665	13.787.438
Óráðstafað eigið fé		26.785.025	32.621.116
Eigið fé	9	<u>157.979.403</u>	<u>155.318.267</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		18.267.950	0
Viðskiptaskuldir		94.935.068	198.907.892
Skuldir við tengda aðila	10	53.854.639	77.282.599
Aðrar skammtímaskuldir		44.001.807	36.596.592
Skammtímaskuldir		<u>211.059.464</u>	<u>312.787.083</u>
Skuldir samtals		<u>211.059.464</u>	<u>312.787.083</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>369.038.867</u>	<u>468.105.350</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins		2.661.136	(3.073.419)
Rekstrariðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	11.206.100	19.283.506
Soluhagnaður rekstarfjármuna		(445.001)	(2.488.910)
Áhrif hlutdeildarfélags	7	(8.496.387)	(13.782.438)
Veltufé frá (til) rekstrar		<u>4.925.848</u>	<u>(61.261)</u>
Vörubingðir, breyting		(17.864.320)	(26.238.664)
Skammtímakröfur, breyting		81.182.654	(95.494.909)
Skammtímaskuldir, breyting		(96.567.609)	82.433.444
Handbært fé til rekstrar		<u>(28.323.427)</u>	<u>(39.361.390)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	5	(12.354.629)	(28.649.189)
Seldir varanlegir rekstarfjármunir		8.320.000	55.150.557
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(4.034.629)</u>	<u>26.501.368</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Skuldir við lánastofnanir, breyting		18.267.950	0
Kröfur og skuldir við tengda aðila, breyting		(23.427.960)	50.959.845
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(5.160.010)</u>	<u>50.959.845</u>
Breyting á handbæru fé		(37.518.066)	38.099.823
Handbært fé í ársbyrjun		38.961.093	861.270
Handbært fé í árslok		1.443.027	38.961.093

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

a. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikning.

b. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar hún hefur verið innt af hendi.

c. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frá dregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Áhöld, tæki og innréttingar	5 ár
Bífreiddar	5 ár

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

d. Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum eru færðir til eignar á því verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeildar í eigin fé þeirra við kaup.

e. Skammtimakröfur

Ekki er talin ástæða til niðurfærslu viðskiptakrafna eða annarra skammtimakrafna í efnahagsreikningi. Kröfumar eru allar á trausta aðila og í skilum.

f. Birgðir

Birgðir endursóluvara eru færðar á kostnaðarverði að teknu tilliti til rýrnunar.

g. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

3. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2017	2016
Laun	286.377.651	257.685.977
Launatengd gjöld	85.146.600	73.583.736
Laun og launatengd gjöld samtals	371.524.251	331.269.713
Stöðugildi að meðaltali yfir árið	31	32
Laun stjórnar og stjórnenda	38.922.546	35.117.316

Skýringar, frh.:

4. Skattamál

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts vegna yfirfærðs ónotaðs skattalegs taps. Ónotað skattalegt tap félagsins í árslok 2017 var 59,3 millj. kr. Ónotað skattalegt tap nýtast til frádráttar hagnaði næstu tíu ára eftir að tapið myndaðist. Ónotað skattalegt tap félagsins má í síðasta lagi draga frá hagnaði sem hér segir:

Yfirfæranlegt skattalegt tap 2012, nýtanlegt til ársins 2022	24.131.057
Yfirfæranlegt skattalegt tap 2014, nýtanlegt til ársins 2024	3.561.670
Yfirfæranlegt skattalegt tap 2015, nýtanlegt til ársins 2025	1.510.657
Yfirfæranlegt skattalegt tap 2016, nýtanlegt til ársins 2026	18.371.008
Yfirfæranlegt skattalegt tap 2017, nýtanlegt til ársins 2027	11.751.659
	<u>59.326.051</u>

Tekjuskattsinneign er ekki færð í ársreikninginn en hún var um 11,8 millj. kr. í árslok 2017.

5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Áhöld og tæki	Bifreiðar	Samtals
Stofnverð 1.1.2017	8.034.249	61.401.483	69.435.732
Viðbót á árinu		12.354.629	12.354.629
Selt og niðurlagt á árinu		(13.200.000)	(13.200.000)
Stofnverð 31.12.2017	<u>8.034.249</u>	<u>60.556.112</u>	<u>68.590.361</u>
Afskrifað samtals 1.1.2017	6.959.400	24.843.509	31.802.909
Selt og niðurlagt á árinu		(5.325.001)	(5.325.001)
Afskrifað á árinu	271.426	10.934.674	11.206.100
Afskrifað samtals 31.12.2017	<u>7.230.826</u>	<u>30.453.182</u>	<u>37.684.008</u>
Bókfært verð 1.1.2017	1.074.849	36.557.974	37.632.823
Bókfært verð 31.12.2017	<u>803.423</u>	<u>30.102.930</u>	<u>30.906.353</u>

6. Vátryggingaverð

Vátryggingarverð áhaldia, tækja og bifreiða nam 110,6 millj. kr. í árslok en bókfært verð nam 31 millj. kr.

7. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi

	Eignarhlutur	2017 hlutdeild í afkomu	Bókfært verð
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi greinast þannig:			
Öryggisfjarskipti ehf.	25%	6.496.387	100.849.894

Skýringar, frh.:

8. Hlutfé

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 19,0 millj. kr. í árslok. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

9. Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Hlutfé	Yfirverð	Hlutdeildar- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2017	19.000.000	89.914.713	13.782.438	32.621.116	155.318.267
Hagnaður ársins				2.661.136	2.661.136
Breyting hlutdeildarreikn			8.497.227	(8.497.227)	0
Eigið fé 31.12.2017	19.000.000	89.914.713	22.279.665	26.785.025	157.979.403

10. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. Móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Upplýsingar um tengda aðila eru eftirfarandi:

	Seld þjónusta	Leigu- greiðslur	Vextir gjaldfærðir	Skuld
Öryggisfjárskipti ehf. 2017	31.200.000	257.959.798	4.300.967	53.854.639
Öryggisfjárskipti ehf. 2016	24.000.000	257.846.060	0	77.282.599

11. Ábyrgðir/veðsetningar

Félagið er í ábyrgð fyrir láni sem Öryggisfjárskipti ehf. yfirtóku við kaup á búnaði Vaktstöðvar siglinga. Eftirstöðvar lánsins nema 64,1 millj. kr. í árslok 2017. Viðskiptabanki félagsins er jafnframt með handveð í bankareikningi og veðsetur bankanum fjárkröfur skv. þjónustusamningi við Siglingastofnun frá 8. janúar 2010.